

Grunnmynd 1. hæðar, 1:100

P:\Verk 2021\21-56 Langatorfa-Svinafelli - Fjárhús03 Teikningar\A-teikn\101 Langatorfa - fjárhús.dwg

Byggingarlýsing:

Sótt er um leyfi til að breyta núverandi nýrri fjárhúsum í Langatorfu í Óræfum (landnr. 225665) í veitingastað og bar fyrir u.þ.b. 30 manns. Í húsinu verður einnig starfsmannarými, brugghús, kjötvinnsla og starfsmannaíbúð. Í kjallara hússins þar sem áður var áburðarkjallari verður lagnarymi og geymsla fyrir þá starfsemi sem er á efri hæðinni. Léttur stigi er frá veitingasal, við bar, og niður í kjallara. Handrið og handlisti í stiga skulu vera skv. byggingarreglugerð. Áfast fjárhúsunum er hlaða sem hætt er að nota sem slíka en hún verður óbreytt að sinni. Áfast hlöðunni eru eldri fjárhús sem hætt er að nota. Núverandi nýrri fjárhús er úr steinsteypu með áburðarkjallara sem hætt er að nota. Hlaðan er einnig úr steinsteypu með bárujárnsklæddu timburpaki en eldra fjárhús er með hlöðnum veggjum úr grjóti en með bárujárnsklæddu timburpaki. Einnig er sótt um að byggja anddyri við íbúð og vindfang við aðalinngang inn í veitingasal. Gert er ráð fyrir læstum fata- og munaskápum inn í almennu starfsmannarými. Þar sem viðkomandi vinnustaður er fámennur (2-4 starfsmenn) er gert ráð fyrir að starfsmenn geti haft fataskipti inn á salernisaðstöðu. Þetta starfsmannarými er hugsað til bráðbrigða þar sem síðar er gert ráð fyrir að það flytist í rými þar sem nú er hlaða.

Þak:
Húsið er með bárujárnsklæddu timburpaki en gert er ráð fyrir að bárujármið og þakpappi verði fjarlægð en í stað þess komi lektur og ofan á þær komi 200 mm yleiningar með steinullareinangrun. Að innanverðu verður loft óklætt, þ.e. burðarvirki þaks verður sýnilegt innanfrá.
Þak anddyris við íbúð verður úr 45x195 timbri með 170 mm einangrun með vindpappa (vindvörn) á milli sperra. Þakið verður klætt með 25x150 borðaklæðningu og þar ofan á tvöföldu bræddu pappalagi. Að innanverðu verður rakavarnarlag, 35x45 mm rafmagnsgrind og einfalt lag af gipsi.
Vindfang verður byggt úr lerki og einnig klætt með lerki. Þak þeirra verður úr 45x145 timbri með 25x150 borðaklæðningu og þar ofan á tvöföldu bræddu pappalagi. Klætt verður neðan á sperrum með lerki.

Veggir:
Núverandi veggir og veggir anddyris eru/verða steinsteyptir og verða einangraðir að utan með 150 mm einangrun og klædd með loftræstri lárétru bárujárnsklæðningu.

Milligólf:
Setja þarf nýtt milligólf í húsið og verður það tvenns konar. Undir veitingasal verður það úr 45x195 timbri með 195 mm steinullareinangrun, þéttull, á milli gólfbita. Að ofan verður gólf með gegnheilum 26,5x155 mm furugólfborðum og gólfhitalagnir á milli gólfbita. Að neðan verður milligólf undir veitingasal klætt með einfaldri 13 mm gipsklæðningu. Undir íbúð, eldhúsi, starfsmannaaðstöðu og brugghúsi verður gólf steypt með ísteyptum gólfhita. Hæðarmismunur á eldhúsi og starfsmannarými verður tekin með timbri, þ.e. gólf í starfsmannarými verður byggt upp með timbri.
Gólf í anddyri íbúðar verður steypt.

Lagnir:
Neysluvatnslagnir verða úr álþexi. Gólfhiti verður í húsinu. Raflagnir verða lagðar í milliveggjum og raflagnagrind í lofti þar sem því er við komið en verða að öðru leiti sýnilegar.


Loftræsing:
Loftræsa þarf öll gluggalaus rými ásamt eldhúsi með vélrænni loftræsingunni en að öðru leiti verða rýmin loftræst með með opnanlegu fagi á gluggum

Brunavarnir:
Byggingin verður í notkunarflokki 2 fyrir utan starfsmannaíbúð sem verður í notkunarflokki 3. Veggir milli veitingastaðar og starfsmannaíbúðar verða EI60 og með 52 dB hljóðvörn. Stigahús á milli hæða verður sama brunahólf og kjallari hússins. Reykskynjarar verða staðsettir í starfsmannarými, eldhúsi, brugghúsi, kjötvinnslu, veitingasal og í herbergi og alrými starfsmannaíbúðar. Hjóstyrkur reykskynjara í hverju rými skal vera 75 dB(A). Fjórar flóttaleiðir eru úr veitingahúshluta hússins, þrjár út úr veitingasal og ein út um starfsmannainngang. Björgunarpönd verður úr herbergi starfsmannaíbúðar. Björgunarpönd skulu vera að lármarksstærð 60x90 cm og skulu vera hlöðarhengd.

Almenn lýsing í flóttaleið skal ekki vera minni en 100 lux. Neyðarlýsing skal vera skv. ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Neyðarlýsing, sjálflysandi merkingar og útljós verða sett í húsið í samræmi við teikningar, byggingarreglugerð og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar. Brunavarnabúnað byggingarinnar og öryggisbúnað, skal merkja þannig að hann sé vel sýnilegur björgunaraðilum og öðrum sem eru í mannvirkinu. Gólfefni skulu hafa mjög takmörkuð áhrif á brunahættu. Handslökkvitæki verða í anddyri starfsmannaíbúðar, við útgang út úr veitingasal, í eldhúsi, í brugghúsi og í starfsmannainngangi og skulu þau öll vera léttvatnstæki.

Að öðru leiti er vísað í eldri teikningar af húsinu teiknaðar af Byggingastofnun landbúnaðarins dagsettum 10.09.1973 og teikningum tækni- og umhverfissviðs Hornafjarðar dagsettum 16.10.2002.

- Kólnunartölur:**
 U-gildi útveggja < 0,36 W/m² K
 U-gildi þaks < 0,20 W/m² K
 U-gildi gólfs < 0,20 W/m² K
 U-gildi hurða < 3,0 W/m² K
 U-gildi glugga < 2,0 W/m² K




Greinargerð hönnuðar:

Óskað er eftir því að vikja frá eftirfarandi ákvæði 6. hluta byggingarreglugerðar:
 - 3. mgr. 6.4.7. gr. um hurð við stigapall fyrir stiga niður í kjallara en sótt er um að hafa hann 0,5 m í stað 1,5 m þar sem einungis starfsmenn sem þekkja til húsnæðisins koma til með að nota umræddan stiga.

Skýringar

- SL Slökkvitæki
- R Reykskynjari
- HS Hitaskynjari
- LR Loftræsing
- BO Björgunarpönd (B min=0,6 m og B+H=1,5 m)
- NF Gólfniðurfóll
- RP Rotþró
- ST Stjórnstöð eldvarnarkerfis
- BS Brunaslanga
- ÚT Útgangur

Dags:	Nr.	Breytingar:	Samb.



Afstöðumynd, 1:1000



Fellsmúli 26 • 108 Reykjavík • Sími: 517 9050 • Netfang: verkhof@verkhof.is

Heiti verks:		Langatorfa		Hönnuðir:	M. Sigurjónsson	180867-3419	Dags:	24.01.2022	
		Óræfi - Sveitarfélaginu Hornafirði		Svaravir M. Sigurjónsson	110481-5279		Geymslunr.:	101	
Heiti teikningar:		Aðal- og brunavarnaruppdráttur:		Samþykkt:			Verknúmer:	21-56	
1. hæð		Grunnmynd, afstöðumynd og skýringar		Aðalhönnuður:		M. Sigurjónsson	180867-3419	Málkv.:	1:100 / 1:1000
Hannað:		BÓS/SMS	Teiknað:	BÓS	Mælt:		Yfirfarið:	SMS	
				Samþykkt:			Teikn.nr.:	101	
							Útgáfa:		